

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 877/2002.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. másl. 7. gr. samþykktarinnar falla út orðin „síðari fundur júlímánaðar“ og í þeirra stað koma orðin: báðir fundir í júlí.

2. gr.

12. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum með rafrænum hætti. Þeir bæjarfulltrúar og varamenn þeirra sem óska eftir að fá útprentuð gögn skulu fá þau boðsend með sama fyrirvara.

3. gr.

13. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg bæjarbúum þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu bæjarins, skrifstofu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma, á heimasíðu Reykjanesbæjar eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

4. gr.

14. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri skal með sama hætti senda bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

5. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. samþykktarinnar bætist nýr málslíður, sem verður 2. másl., svohljóðandi:

Heimilt er að senda fundi bæjarstjórnar út í gegnum netið eða með öðrum hætti sem forseti leyfir hverju sinni.

6. gr.

Í 4. tölul. 21. gr. samþykktarinnar falla brott orðin: þriggja ára áætlanir.

7. gr.

22. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundir nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brynni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Forseti bæjarstjórnar getur heimilað einstaklingi utan

bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum. Heimilt er bæjarfulltrúa að láta bæjarstjórn greiða atkvæði um slíka ákvörðun forseta.

## 8. gr.

46. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Fundarboð skal senda með sama hætti og fundarboð bæjarstjórnarfundar. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal bæjarstjóri boða varamann hans á fund.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr samþykktarinnar og breytist röð síðari tölulíða þar sem við á:

- a) 2. tölul. A-liðar samþykktarinnar fellur brott.
- b) 2. tölul. B-liðar samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
*Barnaverndarnefnd.* Barnavernd og ráðgjöf. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 80/2002. Nefndin fer einnig með málefni er varða öryggismál barna á leikskólum, leikvöllum, skólalóðum og verkefnið „Gerum bæinn betri fyrir börnin“.
- c) 7. tl. B-liðar samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
*Fulltrúar í Rekstrarfélagi Stapa.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara.
- d) 14. og 15. tölul. B-liðar falla brott.
- e) Við B-lið samþykktarinnar bætist nýr tölul. sem verður 14. tl. og er svohljóðandi:  
*Meningarráð.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Menningarmál, menningarsöfn, listasafnsnefnd, stjórn byggðasafna, bæjarskjalasafn sbr. 12. gr. laga nr. 66/1995, bókasafnsstjórn skv. 2. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997 og stjórn upplýsingaveitu.

## 10. gr.

Í stað orðanna „eins mánaðar“ í 3. málsl. 68. gr. samþykktarinnar kemur: tveggja mánaða.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 2006.*

F. h. r.  
**Guðjón Bragason.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*